

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 622/2002**2004/EES/29/14**

frá 11. apríl 2002

um að setja frest til að afhenda upplýsingar um mat á efnafræðilega skilgreindum bragðefnum sem eru notuð í eða á matvælum (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 um að ákveða málsmeðferð bandalagsins varðandi bragðefni sem eru notuð eða fyrirhugað er að nota í eða á matvælum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2232/96 er að ákvarða skrá yfir bragðefni sem eingöngu er heimilt að nota. Ákvarða skal þessa skrá þegar bragðefnin, sem eru notuð í eða á matvælum, hafa verið metin.
- 2) Við beitingu þessarar reglugerðar var samþykkt skrá yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvæli með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB ⁽²⁾ eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2002/113/EB ⁽³⁾.
- 3) Upplýsingarnar, sem krafist er fyrir mat á efnunum í skránni, eru tilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 ⁽⁴⁾ þar sem mælt er fyrir um matsáætlun fyrir efnafræðilega skilgreind bragðefni sem eru skráð í ákvörðun 1999/217/EB.
- 4) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1565/2000 er fjallað um þær upplýsingar sem sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu viðkomandi bragðefnis skal leggja fram til að hægt sé að framfylgja matsáætluninni. Ef upplýsingar um tiltekið efni liggja ekki fyrir innan árs frá samþykkt þessarar reglugerðar skal tilkynna framkvæmdastjórninni hvenær unnt verði að afhenda þessar upplýsingar.

- 5) Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu efnanna í skránni skal, innan árs frá því matsáætlunin hófst, hafa lagt fram, fyrir milligöngu Evrópusamtaka um bragð og ilm, upplýsingar fyrir hluta efnanna, sem eru skráð í ákvörðun 1999/217/EB, og tilkynnt framkvæmdastjórninni um þær dagsetningar þegar lagðar verða fram upplýsingar um þau efni sem eftir eru.
- 6) Framkvæmdastjórnin er núna í aðstöðu til að ákvarða fresti fyrir afhendingu upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1565/2000 til að matsferlið gangi snurðulaust.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um ferli matvæla og dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Frestur til að leggja fram upplýsingar um bragðefni, eins og krafist er skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1565/2000, er tilgreindur í viðaukanum.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja frestinn, að fenginni rökstuddri beiðni frá þeim sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu slíkra efna. Beiðnin skal lögð fram áður en fresturinn rennur út.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 95, 12.4.2002, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2002 frá 6. desember 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 13.2.2003, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 299, 23.11.1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 49, 20.2.2002, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 180, 19.7.2000, bls. 8.

VIÐAUKI

| Bragðefni | Frestur til að leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1565/2000 |
|---|---|
| Efni sem hafa forgang við mat (merkt með tölustafnum 3 í dálknum „Athugasemdir“ í viðauka við ákvörðun 1999/217/EB) | 31. desember 2002 |
| Efni sem heyra undir flokka 1, 2, 4, 5, 8, 9, 10 og 20 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1565/2000. | 31. desember 2002 |
| Efni sem heyra undir flokka 6, 7, 14, 15, 21, 22, 23, 24, 25 og 29 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1565/2000. | 31. ágúst 2003 |
| Efni sem heyra undir flokka 3, 11, 12, 13, 16, 17, 18, 19, 26, 27, 28, 30, 31, 32, 33 og 34 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1565/2000 | 30. júní 2004 |